


# Lokun á opi milli hjartagátta

Opi á milli hjartagátta er lokað til að koma í veg fyrir blóðflæði milli gáttanna og minnka þannig hættu á að blóðtappar myndist. Aðgerðin er gerð í svæfingu og tekur 1-2 klukkustundir. Í aðgerðinni er stungið í bláaæð í hægri nára og grannur leggur þræddur til hjartans og opinu lokað með hnappi sem komið er þar fyrir. Útskrift er áætluð samdægurs. Heimsóknnum aðstandenda þarf að stilla í hóf af tillitsemi við aðra sjúklinga.



## Blóðþynningarlyf

Ef notuð eru önnur blóðþynningarlyf en Hjartamagnýl getur þurft að hætta töku þeirra tímabundið fyrir aðgerðina. Hjúkrunarfræðingur lætur vita ef svo er. Eftir aðgerð er haldið áfram á sömu blóðþynningu samkvæmt fyrirætlum hjartasérfræðings.

## Undirbúningsviðtal

Innskrift og undirbúningur fyrir aðgerð fer fram á göngudeild 10E í kjallara Landspítala við Hringbraut. Spurt verður um heilsufar og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskriftin taki 1-2 klukkustundir. Ekki þarf að vera fastandi fyrir komu á göngudeild.

## Rannsóknir

Tekin eru blóðsýni, lungnamynd og hjartalínurit.

## Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru.

Upplýsingar um ávísuð lyf er hægt að nálgast á vefsíðunni [www.heilsuvera.is](http://www.heilsuvera.is)

## Kostnaður

Fyrir þjónustu á göngudeild þarf að greiða komu- og rannsóknagjald.

## Daginn fyrir aðgerð

### Blóðþynning

Að morgni, daginn fyrir aðgerð, er tekið inn Hjartamagnýl 75 mg.

### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

### Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu. Ráðlagt er að skilja verðmæti eftir heima.

## Aðgerðardagur

### Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Ekki má nota svitalyktar-eyði, krem, föðunarvörur, naglaklak, ilmefni eða skartgripir eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

### Lyf að morgni

Hjartamagnýl 75 mg er tekið inn með litlum vatnssopa fyrir komu á spítalann. Ekki má taka inn önnur lyf nema það hafi verið ákveðið í samráði við hjúkrunarfræðing eða lækni.

## Mæting er á Hjartagátt 10D í kjallara Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags.

Fyrir aðgerðina er settur æðaleggur í handlegg og hár fjarlægt úr nára. Óvæntar aðstæður geta valdið því að tímasetning aðgerðar breytist.

Eftir aðgerðina er stutt dvöl á vöknunardeild og síðan áframhaldandi eftirlit á hjartagátt. Fylgst er með verkjum, blóðþrýstingi og púls. Fyrir útskrift er tekið hjartalínurit og hjartasérfræðingur veitir útskriftarviðtal og ákveður hvort þörf er á frekari blóðþynningarmeðferð og eftirliti.

### Matur og drykkur

Byrja má að drekka og borða við komu á hjartagátt.

### Þvaglát

Eftir svæfingu getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu er á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

### Hreyfing

Liggja þarf á bakinu í fjórar klukkustundir til að minnka hættu á blæðingu frá stungustaðnum.

## Útskrift

### Verkir

Yfirleitt eru litlir eða engir verkir frá stungustað í nára. Ef þörf er á, má taka verkjalyf sem hægt er að kaupa án lyfseðils samkvæmt leiðbeiningum læknis eða hjúkrunarfræðings.

### Hreyfing

Fara má í sturtu daginn eftir aðgerð en ráðlegt er að fara sér hægt þann dag. Forðast þarf áreynslu í viku eftir aðgerð en óhætt er að fara í stuttar gönguferðir.

### Vinna

Hefja má vinnu aftur eftir fimm daga, en það fer eftir eðli starfs og líðan.

## Fylgikvillar

Mögulegir fylgikvillar eru til dæmis blæðing frá stungustað og örsjaldan innri blæðingar.

## Kostnaður

Greidda þarf fyrir aðgerðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

### Hafa þarf samband við hjartagátt ef:

- verkir eru stöðugir þrátt fyrir verkjalyf
- líkamshiti verður hærri en 38,5°
- stækkandi roða- eða bólgusvæði er við stungustað

Hjartagátt 10D er opin virka daga frá klukkan 8 til 20, sími 543 2050. Ef Hjartagátt 10D er lokuð má hringja í skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um vakthafandi deildarlækni á lyflækningasviði Hringbraut fyrstu vikuna eftir aðgerð.

Ef bráð vandamál koma upp utan opnunartíma Hjartagáttar þarf að leita til bráðamóttöku í Fossvogi sem er opin allan sólarhringinn.

## Símanúmer

Hjartagátt (opin virka daga kl. 08:00-20:00)

543 2050

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI  
LYFLÆKNINGASVIÐ  
MAÍ 2019  
LSH-506

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR OG DEILDARSTJÓRI  
HJARTAGÁTTAR 10D

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD